This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

Scan
5724
323.150

con 5724.323.150

0,65

TVÍSTIRNIÐ

ÚTGEFENDUR:

JÓNAS GUÐLAUGSSON OG SIG. SIGURÐSSON

I.

REYKJAVÍK

PRENTSMIÐJAN GUTENBERG

1906

Scan 5724.323.150

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

I.

FRELSIS- OG FÖÐURLANDSSÖNGVAR

JÓNAS GUÐLAUGSSON: ÍSLAND

FRAM

SIGURÐUR SIGURÐSSON: FÁLKINN

MORGUNKVEÐJA

ÍSLAND.

FÓSTURLANDIÐ fríða, kæra
fram við djúpið blátt,
vafið fornum frægðardraumum,
fagurt lágt og hátt.
Sit þú heil um aldir allar
ítra jökuldrós,
hnýti guð að höfði þínu
himnesk frægðarljós!

Hérna vorir frægu feður
festu örugt bú,
hér þeir vörðu hag og frelsi,
helga feðratrú.
Hérna söng með sigurhljóði
sverð í hraustri mund
meðan heitu hetjublóði
hamra- vættist -grund.

Og í söng og sögum frægum
sverða og gígjuhljóð,
sigurljóð um unnin afrek,
óðul, bú og þjóð
vafði í djúpa heild og hreina
himneskt sagnamál,
sem að lýsir allan aldur
Íslands göfgu sál.

Tímar liðu — frelsið fagra
féll í svefn og dá.
Ísland sat í sorgarblæjum
svölum unnum hjá.
Meðan böðuls höndin harða
herti þrældómsbönd,
dáðlaus þjóð í deyfðarblundi
drúpti' á kaldri strönd.

Tímar liðu — úr rekkju reis
hin raunamædda þjóð,
sá hve lengi sogið var
með svikum hennar blóð.
Sá á landið sært og hrakið,
svikið niðjum af,
svift því frelsi, er okkar áum
áður drottinn gaf.

Til að vinna' ið forna frelsi,
frægð og hetjudáð
gjörð var hríð af hraustum niðjum,
heimtað aftur láð.
Smátt þeim ávannst en þó nokkuð,
— orka studdi hönd.
Þó eru enn á okkar höndum
óleyst þrældómsbönd.

Bræður ungu! Upp af svefni,
okkar verjum láð!
Nú til vorra kasta kemur,
hvers sem hefur dáð.
Treystum okkar eigin höndum,
ást og dug og þrótt.
Sýnum þor og þrek að stríða,
þar til endar nótt.

Þú sem okkur ólst á barmi,
ástarkæra fold,
og sem þegar leiðin lýkur
lykur okkur mold;
þér vér helgum hug og krafta,
helga feðra-slóð,
meðan heitt í okkar æðum
íslenskt streymir blóð.

Aftanroði fornrar frægðar
fjöll þín gyllir há.
Morgunroðann himinhreina
hylur þoka grá.
Þó við hafsrönd sjáum sveima
silfurlituð ský,
sem að boða' að frægðin *forna*
fæðist aftur *ný*.

J. G.

FRAM.

EINS og lítið tár, eins og lækur smár,
sem læðist hulinn und klettarótum,
sem að vex þó ótt og sem fríkkar fljótt
uns sem fljót' ann brýst út úr holum gjótum,

Þannig byrjar smátt, það sem horfir hátt,
allt sem hrindir fram til þess þarfa og bjarta
uns sem bergmálsorð, sem að berst um storð
það brýzt með kraft inn í sérhvert hjarta.

Innst í mannsins sál er sem brenni bál,
er sem blundi kraftar og vonir heitar
sem að hrinda fram, til þess hámarks fram,
sem að hjartað þráir og sálin leitar.

Andans eilíf þrá, sem er helg og há
er að höggva böndin af fótum manna,
er að sigra allt lágt og að halda svo hátt,
sem *hæst* má ná í því rétta og sanna.

Gegnum villu og tál, gegnum blóð og bál,
liggur brautin sú er til marksins stefnir;
og sú sveit er fá, sem að sækir á
þó mun sækjast hverjum er heit sín efnir.

Hver sem hefur dug skal með hetjuhug,
og með hreysti leggja á djúpið svarta,
þó það byrji smátt, það sem horfir hátt,
það sem hrindir fram til ins þarfa og bjarta.

Því eitt máttarorð sem að yfir storð
með afli sannleikans boðskap kennir,
það er neisti smár, sem um öld og ár
tendrar eilíft bál sem hið feyskna brennir!

Hvað er bjart og hátt, og hvað hefur mátt,
til að hrinda fram til ins þarfa og sanna?
Það er *frelsisljós*, sem er lýðsins hrós,
og sem lífgar fræin í hjörtum manna.

Ekkert fagurt ljós, engin fögur rós,
engin frjómögn, þau sem ið góða næra,
lifna á þrældómsbraut, heldur þungi og þraut
og þau þjóðarmein sem að heiminn særa.

Því skal sýna mátt og á hermanns hátt
reka harðstjórn braut sem að landið særir,

þá mun lifna brátt, það sem horfir hátt,
það sem heill og blessun í garðinn færir.

Upp því Íslandsþjóð, upp með orku' og móð
unz þú af þér slítur ið síðsta bandið.
Þú skalt halda fram, til þess hámarks fram,
sem að hjartað þráir: að frelsa landið!

J.G.

FÁLKINN.

ÍSLAND!

VEIT eg þér er unnað enn — af fáum;
óskastundir þínar skrifuð saga.
Á þínum móðurbrjóstum börn vér láum,
brátt ertu vistuð þerna um ár og daga —
fjallkonan þerna, öll sín ár og daga!
Menið fegurst á möttli Ránar bláum!

Merkið er göfugt, fálki á tindi háum:
Fólks þíns vilji, virtur enn — af fáum.

Íslands fálki, fljúgðu á tindinn hæsta,
festu sjón á tignarmarkið glæsta,
markið kærsta, efsta — ei hið næsta:
Alfrjáls þjóð og land í reginsjónum!

Þótt þér stundum yrði kalt á klónum,
karlægur muntu ei eftir liðið stríð —
mundu, að sumrið sefur undir snjónum,
að seinna brosir við þér gullin tíð,
gullnar tíðir frelsis; en svo fjærri,
fjærri í öld sem huga vorum nærri!

Íslands fálki, á tindi tímamóta;
tólfin á borði! Skal án allra bóta
hugsjón þín glæsta föl, þitt fjöregg brotið? —

Fáðu nú traustra vængja þinna notið,
fljúgðu yfir hverjum bæ um byggðir allar,
að bændur megi gruna, að skyldan kallar.
— Of margur veikur geisli guðað hefur
á gluggan þeirra luktan, fólkið sefur!
Hér er verk að vinna, sæmdarstarf:
Að vekja — það er það sem þarf!

Ísland, trúðu enn á hjarta Ránar,
ylsins straum um hvert þitt nes og vík,
fossins afl og óðul sögurík,
æsku þeirrar trú, er stefnir hátt.
Gleymdu dagsins þunga, mun þinn mátt —
mundu vorið, fyr en fönnin hlánar!

S. S.

MORGUNKVEÐJA.

VAKNAR dagur með vorgyðju í fángi,
víðfaðma ægir hjá dreymandi strönd.
Velta sjer öldur í vaggandi þángi,
vogurinn logar við sjónarrönd.

Iðar fleytan, við festar bundin,
friðlaus, er hvelfist voðin þönd —
lyftist brjóst, en fjötur um fót minn er undinn;
svo fljúgðu þá, hugur, á norðursundin.

Sje jeg Röðulinn skínandi í skarði
skeiða heim slóðann. Við fallið kot
gelta rakkar á gaddfreðnu barði;
gægist út bóndi við dyraskot,

þurkar stýrurnar, skefur svo skóinn,
skundar í bæinn með augun vot —
leggst í dvalann, dýpri en sjóinn,
í dýngjuna, þýngri og fastari, en snjóinn.

— Svefnþúnga móðir, hvort merkirðu daginn,
þótt mjallardýngjan sje þúng og hlý?
Heyrirðu söng minn og sólhlýjan blæinn
úr suðrinu, kveðja þig enn á ný?

Ljóstum steininn, þá streymir fram lindin —
stormurinn greiði hin þúngu ský.
Upp með fánann! Fögur er myndin,
þá »fálkinn« er sestur á efsta tindinn.

S. S.

II.

ÍSLENZK NÁTTÚRA

JÓNAS GUÐLAUGSSON: Á KLOFNINGNUM
Á STAPA

SIGURÐUR SIGURÐSSON: HRAUNTEIGUR
GLJÚFRAFOSS

Á KLOFNINGNUM.

HREINT og tært er himinloftið,
hjúfrar blærinn vanga þýður,
en um fagurbláar brautir
blessuð morgunsólin líður.
Kyssir hafið, hlær við jörðu,
hnýtir krans af geislarósum
kringum jökulkollinn bjarta,
kvikar alt í vorsins ljósum.

Fyllir vitin unaðsilmur
o'núr skógi-vöxnum geirum.
Þrastakliður, svanasöngur
saman blandast hlýtt í eyrum.
Alt með gleði lífið lítur,
lofar sól og bjartan daginn,
er sem gráti gleðitárum,
grænir skógar, vötn og haginn.

Himins andi hreinn og þýður
hamradísum kossa gefur,
og með sólareld í barmi

alt í sínum faðmi vefur.
Syngur blær við bláar fjólur,
blíða, þýða ástahljóma,
leika sér í laut og brekku
lindardís og álfur blóma.

Eins og hjartans huliðs-draumur
hreinn og djúpur blikar lögur,
en við hafsrönd hyllir undir
háu fjöllin blá og fögur.
Blasa sé eg bláa móti
beint í norðri *Skorarkletta,*
Barðastrandarfjöllin fögur
fjallarma mót himni rétta.

En í suðri sé eg rísa
sævar út við skautið bláa,
fram á ystu storðarströndu
Snæfellsjökul tignarháa.
Helgiró og himinfriður
hjúpa mjallahvítann skalla,
vetrardýrð og sumarsæla
saman blítt í eining falla.

Fjallahringur hár og fagur,
hvar sem lít eg, blasir móti,
eins og þursar steini steyptir
standi upp úr sævarróti.

Djúp er kyrð og yfir öllu
á hinn blíði friður ríki,
er sem hræddur haldi anda
hópur þursa í fjallalíki.

Fyrir neðan bygðin breiða,
björtum sveipuð Ránar armi,
hvílir út við unnir bláar,
eins og barn hjá móðurbarmi.
Blasa skógar blítt við augum,
bæjafjöld og tún og engi,
silungsár í björtum bugðum
binda um grundir silfurstrengi.

Aldrei fegri eg hef skoðað
undursjón á fold og legi.
Ekkert meira hefur hrifið
hjarta mitt á nokkrum degi.
Fegurð þín minn huga hrífur
hjartans fóstra tignarríka.
Þökkum hrærðir að vér eigum,
Íslendingar, móður slíka.

J. G.

Á STAPA.

LJÓMAR sól um sæinn bláa
silfrar jökulennið hátt.
Raula öldur upp við ströndu —
óma fuglasöngvar dátt.
Allstaðar sem augað lítur,
efra og neðra um fold og sæ
ríkir íslenzk sumarsæla,
signir hamra vötn og bæ.

Snæfellsjökull hár og hvelfdur
horfir móti sólarbrá;
og með geislagull á armi
gnæfir yfir köldum sjá.
Tigni Íslands einkasonur
aldrei neitt eg fegra leit,
en að sjá á sumardegi
silfurkoll þinn yfir sveit!

Stapafellið fagurbláa
faðmar tæra himin-lind;
og í sjónum ánægt horfir
o'ná sína fögru mynd.
Drangar út við sæinn svala
sitja eins og skessur tvær
og við kaldar öldur tala
enginn það sem skilið fær.

Hérna leiztu ljósið, þýði
ljóðasvanur Ísalands*
hérna lékstu um ítra æsku
undir hlíðum kletta-ranns,
hérna fyrsta létta ljóðið
lifnaði í þinni sál,
hérna fyrst í næði namstu
náttúrunnar guðamál.

Þegar aftansólin sæla
sveif í unnarskautið blátt,
og hinn ljósi, ljúfi roði
lék um jökulennið hátt,
er mér sem eg sjái standa
sveininn unga á hárri strönd
og með þrá í augum dreyma
inn í hugans töfralönd.

*) Stgr. Thorsteinsson er fæddur og uppalinn á Stapa.

Einn eg stend hér, horfi, horfi,
hvílík dýrð um land og ver!
»Það hið blíða blandið stríðu«
blasir fyrir augum mér
tign og yndi, afl og fegurð
ís og kuldi og sólarbál
laðast saman, og í öldum
iðar gegnum mína sál.

J. G.

HRAUNTEIGUR.

NÓTTIN er hljóð sem í helgum reit. —
Heklu, sem gereyddi sveit við sveit,
krýpur alt land í lotning;
þú ert svipköld um ennið, í auga heit —
ég elska þig fjalladrotning!

Bláfjöllin standa í breiðfylking
sem bergrisavörður um Rángárþing.
Ljóða lækir við bakka. —
Þyrlast niður af Þríhyrning
þokan um græna slakka.

Rangá leikur við lausan taum
frá lindunum efst, í stríðum flaum
svo hríðskelfur hamraborgin;
svo líður hún fram sem í djúpum draum,
dul og þúng — — eins og sorgin.

Hér í brekkunum, bakkann við,
bjarkirnar dreymir við elfarnið
lángt út í ljósvakans strauma.
En skóggyðjan opnar in helgu hlið
í himinn jarðneskra drauma — —

Já, fegurri aldrei sá eg sýn
millum sanda og auðna, en lauftré þín,
Hraunteigur — hæli þess snauða.
Þú ert samur að morgni hvort sólin skín,
eða syrtir af harmi og dauða!

Í svartaviðinum syngur þá
um sól og vorið, sem lífið á;
kannske ómar þá annað — —
en eitt er víst, að eg hef þér hjá
það hæli, sem enginn fær bannað.

S. S.

GLJÚFRAFOSS.

LÍTILL fyrst — en flúðum altaf hærri —
fall þitt enginn heyrði í gljúfraþröng;
nú er boginn lengri, strengur stærri,
við stuðlabergið leikur þú í söng.

Og kistur áttu gulls frá guði, Braga,
sem geyma margt í botni', er enginn sá
og glóir fyrst er lyftir loki Saga
og ljósið seinni tíða skín þar á.

En langspil þitt er ljóðafátt á stundum;
þú leggst á gullið þitt í djúpum hyl — —
Svo bendirðu' aftur bogann léttum mundum
og bergsins hallir óma við þitt spil.

Veit eg þú munir hljóðna svo um síðir
söng-vana, er lokast gljúfrin yfir þér,
að minning þína geymi land og lýðir —
lækinn og nafnið þitt, í brjósti sér.

S. S.

III.

MANSÖNGVAR

JÓNAS GUÐLAUGSSON: SVAVA I.—III.

SIGURÐUR SIGURÐSSON; HREFNUHRÓÐUR
1. Hrefna. 2. Sigurför. 3. Klökkvi.

SVAVA.

I.

ÞETTA enni og þessi augu,
þessir lokkar háls og kinnar,
þetta bros og þessar varir,
— þú ert drottning sálar minnar!

Þú ert eins og uppheimsdísir,
eins og fagurt blóm á vori.
Litlir ástaálfar spretta
undan hverju þínu spori.

Síðan leit eg svannan blíða,
svannan fríða, þýða, bjarta
finst mér eins og eldur brenni
óslökkvandi í mínu hjarta.

II.

Eg hefi farið svo langar leiðir
til að leita að hreinni ást,
til að finna hjörtu með fegurð og trygð,
eg fann þau — en sérhvert brást.

Eg hef leitað að vin, sem mér væri
vinur í sorg og þraut.
Eg fann þá marga — en fengi eg hvast,
þá fóru þeir allir á braut.

Eg hef leitað að svölun og lækning
til að lækna in duldu sár,
en eg fann aðeins eitur og ólyfjan:
örvænting, hatur og tál.

Eg hef leitað að sál með samhljóm
við sorgblíðan hjartans óm,
sem veitti mér gleði og fróun og frið
— en eg fann aðeins myrkur og tóm.

En nú hef eg fundið þig, fríða,
fagra og indæla mær,
og litið í augun þín ástardjúp,
svo undurblá og skær.

Þar fann eg hið *frjálsa, unga,*
sem friðaði mína sál,
og vakti aftur mitt traust og trú
og tendraði hjartans bál.

Í augnanna dýrðlega djúpi
dreymandi eg baða mig.
Og frelsist eg aftur frá angri og kvöl,
þá er það fyrir *þig.*

III.

Þú ljómar líkt og sólin,
og logar hjarta mót.
Og aldrei áður leit eg
svo yndislega snót.

Hárið liðast í lokkum
um litla ennið þitt hvítt,
og augun þín ástardjúpu
á mig líta svo blítt.

Og brosir þú bara lítið
þá brenn eg af heitri þrá:
sem fangi um alla æfi
þér *einni* að dvelja hjá.

J. G.

HREFNUHRÓÐUR.

1. HREFNA.

SIT ég enn við fossins fætur,
fossins míns, sem hlær og grætur
eftir því sem lífið lætur —
leikur þú svo margt á sama strenginn:
hjalar þýtt um hljóðar nætur,
hrynur strítt við klettarætur.
Syngur hverju böli bætur,
boga leikur þú sem annar enginn.

Kveður foss við hamra, Hrefna,
um hinsta kossinn okkar stefna.
Þá var létt að lofa — og efna,
lángtum sælla, en nokkur reyna mundi.
Enn er ljúft sem nýtt, að nefna
nafnið, sem ég gaf þér: Hrefna! —
Enn þá geymi' eg orðið gefna,
aldrei gleymi' eg þessum sæla fundi.

Þú, sem áttir hjartað hreina,
Hrefna, láttu mig nú reyna,

að þú sért sú eina, eina —
sem ekki gefur fyrir brauðið steina.
Ein þú veist hvað innst ég meina,
því engu kann ég þig að leyna —
þarf ég oftar þér að greina,
að þú berð vonir mínar allar, eina?

Þú, sem áttir augun bláu,
undramáttinn hinna fáu,
opin fyrir öllu háu,
eilíf stjörnublik á himni mínum —
kenn mér hátt að hyggja í smáu,
hata fátt af öllu lágu,
Ljúfust stjarna á lofti bláu,
láttu hjarnið tindra í geislum þínum!

Stjarnan allra stjarna minna,
stóra barnið, lát mig finna
sama í orðum augna þinna
eins og forðum, vorið glaða og bjarta —
sömu rósir sé ég kinna,
sömu ljósin augna þinna;
dags og nætur drauma minna
dýrsta kona — þú átt alt mitt hjarta.

S. S.

2. SIGURFÖR.

Renna gandar létt sem loftsins andar.
Lindir standa þétt til hvorrar handar —
vel er fylkt og förin glæst til strandar.
Svalt er á kveldi,
sveipa feldinn
svanni, vel að fótum þínum;
byrgðu svo að barmi mínum,
blessaðan kollinn, þar við eldinn.

Söngvar hljóma, göngin enduróma —
allar róma tungur vorsins blóma,
loftið fyllist sólarsöng og ljóma.
Kæra, máttu
kenna sláttinn,
kraft og stríð í hjarta mínu? —
Berast mér frá brjósti þínu
brimhljóð, gegnum andardráttinn.

Lífsins hreimar hér að fángi streyma.
Hugann dreymir út um víða geima
og er ei »heimi þessum« gott að gleyma?
Brennur á vánga
loftkvik lángan,
liðnar stundir felur að baki —
framtíð öll í andartaki
einu, er tæmd sem drukkin ángan!

— Dýrðarstundin líður; þeyrinn þýður
þýtur í víðilaufi, hreinn og blíður.
Órór bíður Ægir, stór og víður.
Fyrir handan
hafið, sanda
hyllir upp í sólarlöndin.
Brimsins trafi bryddast ströndin,
brýtur haf við sker og granda.

S. S.

---

3. KLÖKKVI

Kvöldsett er löngu. Himins húmtjöld síga
hægt fyrir sviðið. Öldur þagna, hníga — —
Skuggarnir vefjast um brekkur bylgjudala,
blikstjörnur tindra á hvelfing Unnarsala.

Andvarinn líður, eins og torrek tóna
titrandi þýður gegnum næturróna —
skilur hann, blærinn, sköpin okkar þúngu?
skynjar hann braghreim sinnar eigin túngu?

Veistu það, hvað þú barst á bylgjum þínum,
blær, er þú leiðst á haf frá vörum mínum?
Þekkirðu Hrefnu? Þá áttu að heilsa henni
frá honum, sem mænir — og segja að augun brenni.

Laufhjörtun skjálfa, lindir greinum vagga,
ljóðþrasta næturklökkvi svæfa, þagga —
En sál mín er þreytt af þrá og hugarkvíða;
þúngt er það, Hrefna, að elska, vaka og bíða.

S. S.

IV.

LJÓÐ, ÝMISLEGS EFNIS

JÓNAS GUÐLAUGSSON: LJÓSLEITIN
HINN ÞUNGLYNDI
DRAUMUR
HAUSTNÓTT

SIGURÐUR SIGURÐSSON: JEG ELSKA ÞIG BÁRA
ÚTILEGUMAÐURINN
KVÖLDSÖNGUR
NÓTTIN LÁNGA

LJÓSLEITIN.

Í rökkurkyrð er húmskuggar himinhvelið tjalda
og hljótt er alt sem dauðinn og grafarróin köld,
og hljóðar verur stara í hjúpi dökkra falda
í hugans insta djúp — þar ríkir eilíft kvöld,
þá myrkur minnar sálar við myrkurverur hjalar
og mætir sömu augum í dularfullri ró,
því auga sem er dauðinn, því auga sem að talar
um ekki neitt, en talar svo djúpt og napurt þó.

Mitt auga leitar festu í andans dimma heimi,
og eftir ljósi skimar, sem hvergi er þó að sjá,
og þræðir opnar leiðir í lífsins rökkurgeimi,
sem liggja til þess bjarta er vonin djarfa sá.
En allar leiðir þrjóta, — þó neðst frá djúpa dalnum
og dældum allra lægstu að fjallsins hæsta tind
mitt myrkurauga leiti í myrka dauðasalnum,
það mætir sömu augum, — er stara á mig blind.

Og sál mín er sem fuglinn er fjarra landa leitar,
og lítur aðeins myrkur og endalausan sjó,
unz þreyttur vængur fipast og flugi alveg neitar,
hann fellur þá í hafið — í djúpsins kyrru ró.
Og meðan hægt 'ann líður til hafsins huldu kynna
hann heyrir gegnum dauðann það napra strengjaspil:
»Þú leitaðir þess, auli, sem aldrei var að finna,
og aldrei getur fundist, og verður aldrei til!«

J. G.

HINN ÞUNGLYNDI.

ÞEGAR allir sofa og alt er hljótt,
í alvörukyrð hinnar þögulu nætur
þá veit eg einn, sem að vakir einn,
sem vakir og stynur og grætur.

Kinnin er föl — og það falla tár
af fölskvuðum augnasteinum,
því innifyrir er sorgin sár
og sollið hjartað af meinum.

Hann á engan vin, engan einasta vin,
og aleinn hann starir í bláinn,
og auganu mætir ógn og hel,
því hver einasta von er dáin.

Og vonirnar safnast um sætið hans
og setjast þar líkar draugum.
Með kuldabrosi þær kvelja hann
og köldum starandi augum.

Hann þekkir þær allar, hann unni þeim heitt,
— og angur að brjóstinu þrýstir;
þær horfa á 'ann með hæðnis svip
sem hjartað kvelur og nístir.

Og uppi svo marga andvökunótt
hann aleinn í myrkrinu situr.
Hjartað er *frosið* en *funheit* tár
falla um vangana bitur.

J. G.

DRAUMUR.

Eg ráfaði í höllu hárri
hljóðlega til og frá.
Hvíslandi Huldarómar
hljómuðu til mín þá.

Efra í bláma brostu
blikandi dýrðarhöf,
en undir djöflanna dýki
dimt eins og lokuð gröf.

Þögulir söngvasvanir
sátu gólfinu á.
Logaði eldur úr auga:
eilíf og voldug þrá.

Fjötur um fætur var bundinn
þeir fengu ei vængina bært.
Daprir þeir störðu og störðu,
störðu' út í ljósið skært.

Eg vildi þá lífga og leysa
læðingnum dapra frá,
svo sungið og flogið þeir fengju
frjálsir um loftin blá.

Svo lét eg þá út í ljósið,
og leysti þá böndunum frá.
Í svipljótar svartar krákur
svanirnir breyttust þá.

Þeir flögruðu frá mér og loftið
fyltu með hrævaklið.
En djöflarnir hlóu hlátur
svo Helvíti stundi við.

J. G.

HAUSTNÓTT.

ALLT er hljótt á hauðri og á legi,
— hvílist rótt og blítt að liðnum degi.
Sveipar nóttin silfri vötn og teigi,
sýnir dróttum opna himinvegi.

Máninn líður létt í skýjagljáa,
— loftið prýðir töfrabirtan háa —
kyssir hlíðar, hamrafellið bláa
hlær við fríðu, — dylur allt hið smáa.

Stjörnur bláum stara' af himingeimi,
stoltar gljá svo langt frá manna heimi;
tjalda háar hallir geisla-eimi,
hjúpa lá með gulli fegri seimi.

Allt það smáa gleymist okkar augum. —
Ekkert stjá af köldum mauradraugum.
Það ið háa skín und brúnabaugum,
baðast þrá í himins tignarlaugum.

Frjáls er höndin hvað sem vill hún kjósa,
kreppa' ei böndin leiðir himinósa.
Flýgur öndin upp til geislarósa
ofar þöndum bugðum norðurljósa.

Hljóða nótt! — þú hjarta svalar mínu,
herðir þrótt að stefna að marki sínu;
svæf mig hljótt á mjúkri draumadýnu,
drag mig rótt að friðarskauti þínu.

* *
*

Mig dreymir — — — — — — — —
— — — — — — — — — — —

Logar mjöllin — frá Mánadís
mjúkir lokkarnir falla.
Leika sér álfar létt á ís,
ljúflega ómar gjalla.
»Í bergið — í bergið!« þeir kalla.

Huga minn grípur geigvæn þrá,
gígjunnar ómar kalla:
»Burtu sorgum og böli frá,
burtu til álfahalla!
Friður er upp til fjalla.

Álfarnir byggja huliðsheim
hátt upp í sölum fjalla,
syngur loftið af sælum hreim,

sól er um kima alla!
Fagurt er upp til fjalla.

Neðra' í mollunni myrkurþjóð
mæðist í hríð og salla,
en hér er birta og hér er glóð
og hörpunnar strengir gjalla.
Fegurst er upp til fjalla!«

Ómarnir titra' um taug og sál,
toga mig upp til fjalla,
lyftist fótur — en leiftrar bál
frá lömpunum álfa-halla.
Hærra hljómarnir kalla.

Nálgast hamranna háu þil,
— hugsun missi eg alla —
Bergið opnast, við undraspil
álfarnir leika og kalla:
Fegurst er upp til fjalla!

Situr þar inni sveipt í skrúð,
sólbjört drottningin fjalla,
horfir á leikinn hæg og prúð,
hörpustrengirnir gjalla:
Fögur er drottning fjalla!

Kóróna' úr gulli krýnir hár
hvelft er ennið ið bjarta,
augun djúp eins og ægir blár,
iðandi hárið svarta
hrífur og töfrar hjarta.

Drottningin réttir mér hægri hönd,
í hamarinn inn mig leiðir,
hjartað titrar og heillast önd,
hörpunnar ómur seiðir.
Lokaðar allar leiðir!

* * *

Álfarnir byggja huliðsheim,
hátt upp í sölum fjalla,
syngur loftið af sælum hreim,
sól er um kima alla.
fagurt er upp til fjalla!

J. G.

EG ELSKA ÞIG BÁRA.

EG elska þig bára með brjóstið hvelft
hef borist með þér svo víða;
við iðustreymið eg oft hefi teflt
og alls hef eg neytt, sem eg bar til að stríða.
Hvert ólag með þér hefur þrek mitt eflt,
með *þér* skyld' eg glaður um úthöf sem
strendurnar líða!

— Sú bylgja hófst líkt sem lífið mitt:
þau lyftust af sömu hönd,
drukku geislana, sungu sitt
samspil um nætur við klettótta strönd;
en brotni minn vængur sem þolgæði þitt,
þá er hún frjáls, eins og sólguðsins söngvar
mín önd.

En þá ert þú dáin, þitt ljúflingslag
orðið líkhringing sjálfri þér.
Þá vaki' eg um nætur sem nýtan dag
við nautnanna spil, sem þú kendir mér.
Eg efni til söngva við sólarlag
um þá sorgljúfu ást, sem í hjarta eg bar
og eg ber.

S. S.

ÚTILEGUMAÐURINN.

ÖXLIN er sigin, bakið bogið
af byrði þungri — tómum mal,
Leggmerginn hefur sultur sogið
og sauðaleit um Skuggadal.

Þú gengur hljótt og hlustar við;
en höndin kreppist fast um stafinn — —
þú heyrir vatna næturnið
og náhljóð kynleg saman vafin.

Eg sé þig elta, heim í hreisið
við hraunið — máni að baki skín —
þinn eiginn skugga, auðnuleysið,
sem eitt hélt trygð við sporin þín.

— Svo fangasnauð var næðingsnótt
ei nokkur fyr, sem tókst að hjara.
Þú hlustar aftur ....., alt er hljótt,
nema elfan stynur milli skara.

S. S.

KVÖLDSÖNGUR.

TIL himins klukkur hljóma
og hringja inn friðarjól;
ljósakrónurnar ljóma
sem leiftrandi sól við sól —

Og fólksins raddir róma
hins ríka föðurs son,
barnshjörtun enduróma
alsæl, í trú og von.

— — Eg kýs mér húmið hljóða
heima við gluggann minn;
í geislum aringlóða
gref eg þar skuggann minn.

En ljós og klukknakraftur —
kallar hann aldrei meir?
Leiftrar það aldrei aftur,
sem einu sinni deyr?

S. S.

NÓTTIN LANGA.

SYNTI ský fyrir síðasta rofið,
svo varð dimmt sem í hinnstu gröfinni —
— — — — — — — — — — — — —
Hjálp!

Þar féll hann fram af nöfinni,
féll eins og hrafn fyrir skoti.
Þrusk í urðinni, brak í broti.
Úr blundi stygðust endur á floti.

Flá ertu, Gjálp! Með fögrum söngum,
und flesjum og töngum,
heillarðu, lokkarðu hafsins son
fyrir hamrabjörg!

Liggur hann einn með lærið brotið;
lagar blóðið úr tættum undum.
Nóttin faðmar hann náköldum mundum.
En vofur innan úr Viðeyjarsundum
af veiðihug fá ei draums síns notið.

Ath. Skipstjóri nokkur hrapaði um haustnótt fyrir björg í Laugarnestöngum og lá þar, lærbrotinn, til morguns.

Þær líða eftir öldunum,
lyfta upp földunum.
Léttúðgar, gleiðstígar, glottandi. —
Hó!
Æ, hrópaðu ei vinur á sel að sandi,
eða svartnættið yfir þig! Þú verður ær
Vofurnar færast með feiknum nær —
feigðina rekur að landi.

* * * * * * * * *

Lokast sjónir, opnast eyra;
inn í brims og næturhljóðið
blandast stöðugt fleira og fleira.
Mannsrödd? — konu? — kæra fljóðið
komið þar á slíkri stundu?
Glóðheit tár á gaddinn hrundu.

Mæðist hugur, hvílast sár,
hjartaslögum fækkar, þýngir;
slitna draumar, drúpa brár.
Dauðaklukkan hringir!
En dátt láta vofur í Viðeyjarsundum,
vafra sem hrönn fyrir landi. —

Sofðu á sandi,
sofðu sem fastast í náköldum mundum
sofðu vinurinn, sofðu rótt
á sjóvotu, hálu þángi —

þú átt eptir að þreyja nótt
þessari lengri og dimmri — í dauðans fángi!
— Þýtur gola í gráum hárum;
glápa vofur frammi á bárum.
Haglkorn skella á helbleikum vánga,
hörð, eins og möl á jakadránga.

* *
*

Sækja fleiri en vofur veiði:
Vagga öldur fyrir landi,
leggja fángið fast að sandi
fult af slægð og grandi.

Líður á nótt;
láta sér ótt
ljóshærðar öldur og brjóstin hefja.
Á klettunum hoppa þær,
hnullúngum skoppa þær,
hvíslandi, lokkandi, laðandi — —
Hvelfdu barmarnir,
hvítu armarnir —!
Hvergi er friður, alt á iði
af afbrýðissemi í þeirra liði.
— Þá brosir morgun að baki skýja,
en bragðfljótar vofur á hafið flýja
og öldur sig draga í djúpið blá —
senda 'onum skvetti, skirpa svo á 'ann,
skjóta sér frá — — þær vilji' ekki sjá 'ann!

S. S.

V.

SÖNGVAR

JÓNAS GUÐLAUGGSSON: SÓLNANNA SÓL

SIGURÐUR SIGURÐSSON: NÓTTIN
VIÐ SUNDIÐ
SÓLARLAG

SÓLNANNA SÓL —

SÓLNANNA sól og lífs míns leiðarstjarna
lýstu mér gegnum hugans niðamyrkur!
kallaðu líf í klakabundna moldu, —
kallaðu líf í brjóstið vonasnauða!

Láttu mig gleyma lífsins dægurstriti,
láttu mig gleyma öllum heimsins kulda.
Láttu mig gleyma ljósi, degi og nóttu;
— láttu mig gleyma öllu nema *þér!*

Láttu mig dreyma Edens undrareiti,
angandi blóm í fögrum skógarlundum,
titrandi hljóma, — hörpu gullna strengi,
hljóma, sem óma dýpst í þinni sál.

Láttu mig þekkja alt þitt insta, dýpsta,
alt sem að hreifir strengi sálar þinnar,
alt sem að biður bergmáls þér í hjarta
bláeyga mær, — eg skal það elska, dýrka!

Sólnanna sól og lífs míns leiðarstjarna
logaðu í sál og brendu í instu taugum.
Láttu mig anda og lifa í birtu þinni,
láttu mig deyja í þínum geislaörmum!

J. G.

NÓTTIN.

SEFUR sól hjá ægi,
sígur höfgi yfir brá.
Einu ljúflingslagi
ljóðar fugl og aldan blá.
Þögla nótt, í þínum örmum
þar er rótt og hvíld í hörmum —
hvíldir öllum oss.

S. S.

Lag eftir Sigfús Einarsson.

VIÐ SUNDIÐ.

EG sit í kvöld og sat í gær
við sundið, fram á nætur
og hlýði er bylgjan blá og tær
að bökkum fallast lætur —

og hjartaslagið hinsta slær
við hamrabúans fætur.
Þá brosir máni, blærinn hlær,
en björk og víðir grætur.

Eg horfi yfir hylinn blá,
þótt hjartans lindin þorni;
þú hvarfst mér undir sól að sjá —
með sólu rístu' að morgni!

S. S.

Lag eftir Sigfús Einarsson.

SÓLARLAG.

HVERFURÐU, sól mín, af himinsins brún?
Hvort ertu þreytt á að vaka?
Hrímnóttin líkklæðir heiðgræn tún,
ef þú hylur þig; hvar á að taka
þitt ljós og þinn yl, eða roðarún?
Réttu mér geisla — og taktu þá aldrei til baka!

Já, réttu mér hönd yfir hafið, sól,
þinn hrynjandi lokk eftir öldum,
og geislanna festi um bygð og ból!
Brostu, mín sól, yfir skýjanna tjöldum.
— Sælt er að blunda, í brekku' undir hól,
í blænum, sem þú hefur yljað á vordrauma-
kvöldum.

Brostu mín sól, að eg syngi þér alt —
ekki um sorg, heldur gleðina mína!
Hefðirðu talið hvert tár, sem valt

af titrandi krónum við brottför þína,
þá hefðirðu aldrei — og aldrei þú skalt,
ylríkust sól meðal sólnanna, hætta að skína!

Sól stattu kyr! þó að kalli þig sær
til hvílu — eg elska þig heitar.
Þú blindar mín augu', en þú ert mér svo kær
og eins hvort þú skín, eða bæn minni neitar.
Eg sæki þér nær, þótt þú færir þig fjær —
þótt þú fallir í djúpið mitt hjarta til geisl-
anna leitar!

S. S.

Lag eftir Árna Thorsteinsson.